

# Áform og efndir



Árangur á kjörtímabilinu 1999 – 2003  
í umhverfisráðherra tíð  
Sivjar Friðleifsdóttur



# Áform og efndir

---

Árangur á kjörtímabilinu 1999 – 2003

í umhverfisráðherratið

Sivjar Friðleifsdóttur

**Útgefandi:** Umhverfisráðuneytið 2003  
**Umsjón með útgáfu:** Einar Sveinbjörnsson og Ingibjörg Ólafsdóttir  
**Umbrot og hönnun:** Dixill hönnunarstofa / Reykvísk útgáfa  
**Ljósmynd á kápu:** Ragnar Th. Sigurðsson  
**Ljósmynd af Siv Friðleifsdóttir:** Friðrik Örn Hjaltested  
**Pappír:** Kápa Galerie Silk 300 gr, innsíður Galerie Silk 170 gr  
**Prentun:** Hjá Guðjóni Ó



# Inngangur

---



Í upphafi þess kjörtímabils sem nú er að ljúka tók ég saman verkefnaskrá umhverfissráðuneytisins þar sem sett voru fram 45 markmið í umhverfismálum sem unnið skyldi að á kjörtímabilinu. Þessi markmið tóku mið af stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en einnig af áherslum ráðuneytisins og þeim verkefnum í umhverfismálum sem ég vildi sjá verða að veruleika á kjörtímabilinu. Mörg þessara verkefna hafa orðið að veruleika og víða hefur verið tekið til hendinni. Sumum málum tókst þó ekki að ljúka á kjörtímabilinu þó að þeim hafi vissulega verið ýtt úr vör.

Í formála verkefnaáætlunar minnar fyrir fjórum árum sagðist ég ætla að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi í allri stefnu og starfi umhverfissráðuneytisins á næstu árum. Það hefur verið gert enda er sjálfbær þróun hugmyndafræði skynsamlegrar langtímanýtingar mannsins á gæðum náttúrunnar. Á kjörtímabilinu var þannig unnin stefnumörkun sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 „Velferð til framtíðar“ í samstarfi fjölmargra aðila.

Á kjörtímabilinu lagði Ísland lóð á vogarskálar umhverfismála á alþjóðavísu með virkri þátttöku m.a. í samningum um málefni hafsins, þrávirk lífræn efni og loftslagsmál.

Náttúruverndarmál voru í brennidepli, nýr þjóðgarður stofnaður og fjárframlög til landvörslu og friðlýstra svæða voru augin til muna. Þá tók stjórnsysla umhverfismála miklum breytingum á kjörtímabilinu með sameiningu stofnana á umhverfissviði í eina öfluga Umhverfisstofnun svo nokkuð sé nefnt.

Það er von mín að þessi samantekt gefi nokkra vísbendingu um þau störf sem ég hef unnið að ásamt starfsfólki umhverfissráðuneytisins á kjörtímabilinu 1999-2003.

*Siv Friðleifsdóttir*

Siv Friðleifsdóttir  
umhverfissráðherra

# Stærstu málin:

---

- Ísland hefur beitt sér af krafti fyrir því að meiri áhersla verði lögð á mat á mengun hafsins á alþjóðavettvangi. Á leiðtogafundinum um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg 2002 var samþykkt, að frumkvæði Íslands, að koma á fót vettvangi innan Sameinuðu þjóðanna til að leggja reglulega mat á mengun hafsins frá og með árinu 2004. Ríkisstjórnin samþykkti í upphafi þessa árs að fram fari heildarstefnumörkun í málefnum hafsins.
- Árið 2001 var undirritaður alþjóðlegur samningur um bann við notkun og losun lífrænna þrávirkra efna í umhverfið en Ísland átti stóran þátt í gerð hans. Ísland fullgilti samninginn í maí 2002.
- Ísland náði samningsmarkmiðum sínum um loftslagsmálefni og Kyoto-bókunina í Marrakesh í nóvember 2001. Þar með var gildi endurnýjanlegra orkugjafa okkar viðurkennt í loftslagssamningnum. Það var forsenda stækkunar álversins í Straumsvík, álversins á Grundartanga og nýrra stór-iðjuáforma í Reyðarfirði.
- Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Kyoto-bókunarinnar var samþykkt í ríkisstjórn í mars 2002 og bókunin fullgilt í maí 2002.
- Stefnumörkun Íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun til 2020, „Velferð til framtíðar“, var samþykkt í ríkisstjórn í ágúst 2002.
- Hreinsuð var olía úr flaki El-Grillo sem legið hefur á botni Seyðisfjarðar síðan í síðari heimsstyrjöldinni.
- Með úrskurðum umhverfisráðherra um Kárahnjúkavirkjun og setts umhverfisráðherra um Norðlingaölduveitu voru framkvæmdir aðlagðar að náttúruvernd með skilyrðum sem minnkuðu umhverfisáhrif framkvæmdanna.
- Fjármunir til reksturs og uppbyggingar á friðlýstum svæðum og þjóðgördum voru rúmlega tvöfaldaðir á kjörtímabilinu.

- Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní 2001. Tillaga umhverf-  
isráðherra um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, sem verður stærsti þjóðgarð-  
ur Evrópu, var samþykkt í ríkisstjórn.
- Stjórnsýsla umhverfismála var einfölduð og gerð skilvirkari með samein-  
ingu Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, Veiðistjóraembættis-  
ins, Hreindýraráðs o.fl. í eina stofnun, Umhverfisstofnun frá 1. janúar 2003.
- Ný lög um úrvinnslugjald leggja grunn að byltingu í meðferð úrgangs hér  
á landi og munu stuðla að aukinni endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs,  
s.s. á bíflökum, hjólbörðum, umbúðum, pappafernum og heyrúlluplasti á  
næstu árum.
- Grænt bókhald fyrirtækja kom til framkvæmda í ársbyrjun 2003. Lög um  
færslu græns bókhalds ná til starfsleyfisskyldra fyrirtækja, flest í efna- og  
matvælaíðnaði.
- Ötullega hefur verið unnið að úrbótum í fráveitumálum í samstarfi ríkis og  
sveitarfélaga. Nú búa fleiri en 70% íbúa landsins við viðunandi hreinsun.
- Gripið var til viðamikilla aðgerða til að draga úr mikilli aukningu kamfýló-  
baktærsýkinga með þeim árangri að sýkingum hefur fækkað um 75% frá  
1999.
- Samþykkt var á árinu 2001 framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun  
sjávar frá landi og er unnið að framkvæmd hennar. Aðeins eitt annað ríki  
hafði þá samþykkt slíka framkvæmdaáætlun.

# Úr verkefnaáætlun umhverfisráðuneytisins 1999 - 2003

---

1. Unnin verður fyrsta heildstæða náttúruverndaráætlun landsins sem taki m.a. til þjóðgarða, friðlanda og annarra friðlýstra svæða, lífvera og búsvæða þeirra, gróðursamfélaga, vistkerfa, jarðmyndana, landslagsheilda og nýtingar mannsins á náttúrunni.

Eftir viðamikla undirbúningsvinnu er Umhverfisstofnun að leggja loka-hönd á náttúruverndaráætlun á grunni tillagna Náttúrufræðistofnunar Íslands og í samráði við fjölmarga aðila. Ákveðið er að leggja náttúruverndaráætlun fyrir Umhverfisþing haustið 2003 og í framhaldi af því verður áætlunin kynnt á Alþingi.

2. Mikilvægt er að almenn sátt náist um framkvæmd náttúruverndar, ekki síst á hálendinu. Skoðuð verði stofnun nýrra friðlanda á hálendinu á grundvelli svæðisskipulags hálendisins og mótuð stefna um vernd óbyggðra víðerna. Lögð verði áhersla á að náttúruvernd taki tillit til landnýtingar, s.s. ferðaþjónustu, útivistar og auðlindanýtingar.

Verndun víðerna er eitt af 17 markmiðum í stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra þróun sem ríkisstjórnin samþykkti árið 2002; þar er mótuð stefna um vernd víðerna og hvernig hún skuli framkvæmd.

Unnið var að breytingum á lögum nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár. Umhverfisráðherra mælti fyrir frumvarpi á Alþingi en málið náði ekki fram að ganga. Í frumvarpinu eru m.a. eðlilegri ákvæði miðað við breytt lagaumhverfi og nýmæli um vernd vatnasviðs Mývatns og Laxár og um gerð verndaráætlunar fyrir svæðið.

Unnið er að undirbúningi stofnunar Vatnajökulspjóðgarðs og sérstök nefnd á vegum ráðuneytisins skipuð þingmönnum stjórnar og stjórnarandstöðu vinnur að tillögum um stofnun friðlands eða þjóðgarðs norðan Vatnajökuls í tengslum við væntanlegan Vatnajökulspjóðgarð.

- 3. Náttúra Íslands er viðkvæm. Því þarf aukið fjármagn til uppbyggingar og viðhalds á náttúruverndarsvæðum og fjölsóttum ferðamannastöðum til að mæta stöðugt auknum ferðamannastraumi.**

Fjármunir til reksturs og uppbyggingar á friðlýstum svæðum og þjóðgörðum voru rúmlega tvöfaldaðir á kjörtímabilinu. Heilsársstörfum í þjóðgörðum var fjölgað um helming og landvarsla aukin.

Komið var á sérstöku samstarfi Náttúruverndar ríkisins, Ferðamálaráðs og Vegagerðar á árunum 2002-2004 um uppbyggingu og framkvæmdir á fjölsóttum ferðamannastöðum. Árlega hafa 150 milljónir verið veittar til þessa verkefnis af fjárlögum sem nýst hafa í bættri aðkomu, snyrtiaðstöðu, merkingum og stígagerð.

Landmælingar Íslands, Vegagerðin og Umhverfisstofnun vinna að því að kortleggja hálendisvegi til að unnt sé að takmarka akstur utan vega með markvissari hætti.

- 4. Starfsemi náttúrustofa verði gerð markvissari og sveitarfélögin taki meiri ábyrgð á framkvæmd náttúruverndar. Æskilegt er að náttúrustofur stækki og eflist með verkefnatilflutningi eða samningum um verkefni m.a. fyrir stofnanir umhverfisráðuneytis.**

Starfsemi náttúrustofa var styrkt verulega með breytingum á lögum um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur og eru þær nú reknar á ábyrgð sveitarfélaga. Jafnframt var með löggjöfinni lagður grunnur að auknum verkefnum náttúrustofa með auknum ríkisframlögum. Verið er að undirbúa stofnun nýrrar náttúrustofu á Norð-Austurlandi.

- 5. Rekstur almennrar þjónustu við ferðafólk verði boðinn út í þjóðgörðum. Náttúruvernd ríkisins leggi þess í stað megináherslu á fræðslu og upplýsingagjöf til gesta. Þjóðgarður á utanverðu Snæfellsnesi verði stofnaður á kjörtímabilinu og að auki verði unnið að undirbúningi Vatnajökulsþjóðgarðs.**

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní 2001. Sá fyrsti sem stofnaður er eftir 28 ára hlé.



Tillaga umhverfisráðherra um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, sem verður stærsti þjóðgarður Evrópu, var samþykkt í ríkisstjórn. Ráðgjafanefnd undir forystu Umhverfisstofnunar undirbýr skipulag þjóðgarðsins.

Rekstur tjaldsvæða í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum var boðinn út í tilraunaskyni.

- 6. Endurskoðuð verða lög um varnir gegn mengun hafs og stranda. Í frumvarpinu verði undirstrikuð ábyrgð mengunarvalds og lagt til að teknað skuli upp hlutlægar ábyrgðarreglur þegar í hlut á starfsemi sem getur haft í för með sér sérstaka hættu fyrir umhverfi hafsins og stranda.**

Lög um varnir gegn mengun sjávar voru tekin til heildarendurskoðunar á vegum ráðuneytisins. Í kjölfar þess mælti umhverfisráðherra fyrir frumvarpi til laga um verndun hafs og stranda á Alþingi þar sem m.a. er skýrð ábyrgð mengunarvalds og ábyrgðarreglur. Ekki náðist að afgreiða frumvarpið á síðasta þingi.

Bráðamengunarnefnd umhverfisráðuneytisins er að ljúka gerð vákorta af suður- og vesturströnd landsins þar sem fram koma upplýsingar um þau verðmæti sem eru í húfi þannig að hægt verði að bregðast rétt við ef mengunarslys ber að höndum.

- 7. Uppfylltar verði skuldbindingar samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, m.a. með söfnun upplýsinga, og mörkuð stefna um verndun fjölbreytileika íslensks lífríkis.**

Lögð var fram fyrsta skýrsla Íslands til samningsins um líffræðilega fjölbreytni árið 2001 en hún gefur yfirlit yfir helstu málefni sem tengjast varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbærri nýtingu líffræðilegra auðlinda landsins.

Verndun líffræðilegrar fjölbreytni og vernd lífríkis Íslands eru meðal markmiða í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun og þar er að finna ákvæði um hvernig unnið skuli að þeim, m.a. með endurheimt vistkerfa og aukinni vernd búsvæða og votlendissvæða.

- 8. Unnið verði að nýrri framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í íslensku**

samfélagi, sem taka á við af þeirri framkvæmdaáætlun sem gildir til ársloka 2000. Nýrri áætlun er ætlað að taka mið af breyttum aðstæðum og örri þróun í umhverfismálum á undanförunum árum. Reynt verði að skilgreina tölulega mælikvarða sem gefa getið vísbendingu um hvernig Íslendingum miðar á leið til sjálfbærrar þróunar samfélagsins.

Stefnumörkun íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun til 2020, „Velferð til framtíðar“, var samþykkt í ríkisstjórn í ágúst 2002. Í henni er að finna 17 markmið til lengri tíma varðandi: Heilnæmt og öruggt umhverfi; verndun náttúru Íslands; sjálfbæra nýtingu auðlinda; og hnattræn viðfangsefni. Í stefnumörkuninni voru skilgreindir tölulegir mælikvarðar sem eiga að gefa vísbendingu um hvernig miði í átt að markmiðunum. Sérstök nefnd ráðuneyta undir forystu umhverfisráðuneytisins hefur eftirlit með framkvæmd stefnunnar.

9. Unnið verði að því í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga að fylgja eftir markmiðum sveitarfélaga í umhverfismálum og sjálfbærri þróun með gerð Staðardagskrár 21.

Stuðningur ríkisins við Staðardagskrá 21 var aukinn og gerður nýr samningur við Samband íslenskra sveitarfélaga um stuðning við verkefnið til 5 ára árið 2001. Um 35 sveitarfélög með yfir 80% landsmanna taka nú virkan þátt staðardagskrárstarfi.

Í apríl 2003 var undirritaður samningur iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis um verulegan stuðning við að innleiða Staðardagskrá 21 og sjálfbæra byggðaðróun í fámennum sveitarfélögum, ennfremur um sérstakt átak til að styðja við sjálfbært samfélag í Hrísey.

10. Boðað verði til Umhverfisþings þar sem kynnt verða drög að nýrri framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun. Íslendingar taki þátt í gerð framkvæmdaáætlunar um sjálfbær Norðurlönd, sem ljúka á árið 2000.

Umhverfisþing var haldið í janúar 2001 þar sem kynnt voru fyrstu drög að nýrri áætlun um sjálfbæra þróun. Sett var ákvæði um Umhverfisþing í náttúruverndarlög og verður Umhverfisþing framvegis haldið á tveggja ára fresti. Á Umhverfisþingi verða rædd málefni umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar. Umhverfisráðuneytið tók virkan þátt í gerð fram-

kvæmdaáætlunar um sjálfbær Norðurlönd 2001-2020 sem lauk árið 2000. Unnið er markvisst að eftirfylgni áætlunarinnar og endurskoðun framkvæmdahluta hennar.

- 11. Unnið verði að því að lögfesta þær meginreglur sem fram koma í Ríó-yfirlýsingunni um umhverfi og þróun. Staðfestur verði Árósasamningur um aðgang að upplýsingum og þátttöku almennings í stefnumótun stjórnvalda í umhverfismálum.**

Unnið er að fullgildingunni Árósasamningsins á Íslandi. Ljóst er að fullgilding samningsins kallar á breytingar á lögum og hefur verið myndaður starfsþópur þriggja ráðuneyta til þess að leita lausna varðandi það atriði.

- 12. Samráð verði aukið við frjáls félagasamtök, samtök atvinnulífs og hagsmunaaðila og ýtt undir málefnalega umræðu um markmið og leiðir í umhverfismálum.**

Gengið var frá samstarfsyfirlýsingu umhverfisráðuneytis og ellefu frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfis- og náttúruverndar í mars 2001 sem kveður á um samráð og fjárhagslegan stuðning ráðuneytisins við frjáls félagasamtök. Árlegur stuðningur nemur nú 8 milljónum króna og er það rúmlega fimmföldun frá því sem áður var. Haldnir eru reglulegir samráðsfundir ráðuneytisins og félagasamtaka og fulltrúar félagasamtaka hafa tekið þátt í fjölskipuðum nefndum ráðuneytisins. Almennings- og félagasamtökum var gefinn kostur á að senda inn athugasemdir og tillögur við drög að stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

- 13. Skoðað verði í samstarfi við fjármálaráðuneytið að hvaða leyti umhverfisskattar geti komið í stað núverandi skatta.**

Frumvarp til nýrra laga um úrvinnslugjald var unnið með sérfræðingum fjármálaráðuneytisins en með nýjum lögum þar um er komið á umhverfisgjöldum m.a. á bifreiðar, hjólbarða o.fl. Áfram verður unnið í samstarfi við fjármálaráðuneytið við að koma á frekari umhverfisgjöldum.

- 14. Unnið verði að gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðhita á kjörtímabilinu. Áhersla verði lögð á að virkjanakostir verði metnir og flokkaðir með tilliti til orkugetu, hagkvæmni, áhrifa á náttúrufar og nátt-**

úruminjar, svo og hagsmuna allra þeirra sem nýta þessi gæði. Náttúru- og umhverfishagsmunir verði hafðir að leiðarljósi og verkið unnið með það fyrir augum að almenn sátt náist í þjóðfélaginu um framkvæmdir á sviði orkumála í framtíðinni.

Niðurstöður tilraunamats á 15 virkjunarkostum voru kynntar árið 2002 en það var framkvæmt til að ákveða aðferðir við endanlegt mat. Mat á 43 virkjunarkostum þ.e.a.s 19 hugmyndir um vatnsaflsvirkjanir og 24 um jarðhitavirkjanir, á að liggja fyrir í lok maí 2003. Starfandi eru fjórir faghópar á vegum verkefnisstjórnar áætlunarinnar sem fjalla um náttúrufar og minjar, um útivist og hlunnindi, um áhrif á atvinnulíf, byggðaþróun og þjóðarhag og um frumáætlanir virkjunarkosta. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur m.a. í tengslum við gerð Rammaáætlunarinnar unnið að heildstæðu yfirliti yfir náttúrufar hálendis Íslands.

15. Virk þátttaka almennings er forsenda árangurs í umhverfismálum. Ýmsar einfaldar breytingar í daglegu lífi geta gert lífsstíl vistvænni. Unnið verði að því að fræða einstaklinga um ábyrgð sína á umhverfinu og beint til þeirra hagnýtum upplýsingum um hvernig hægt sé að bæta það, s.s. með flokkun og endurvinnslu úrgangs, umhverfisvænum innkaupum og breyttum samgönguvenjum. Draga þarf úr sóun á innlendum náttúruauðlindum, s.s. vatni, raforku, jarðvarma og jarðefnum. Stefnt verði að því að koma upp upplýsingaveitu á Veraldarvefnum í þessu skyni um umhverfismál. Umhverfisfræðsluráð verði eflt sem samráðsvettvangur stjórnvalda, atvinnulífs og áhugasamtaka.

Umhverfisvefurinn hefur verið þróaður áfram og nýju efni bætt á hann. Þar er nú að finna safnavef með upplýsingum um söfn um náttúrufræði og atvinnuhætti á Íslandi og orðasafn þar sem er að finna útskýringar á hugtökum og orðum um umhverfismál. Gerður var samstarfssamningur við Vísindavef HÍ um að svara fyrirspurnum um umhverfismál.

Ráðuneytið hefur stutt við verkefni Landverndar Vistvernd í verki með 2,1 milljón króna á árunum 2000-2003. Verkefnið miðar að því að auka og efla vitund fjölskyldunnar á því hvað má gera í daglegu lífi til að stuðla að umhverfisvernd og betri nýtingu náttúruauðlinda.

Þátttaka í „Græna flagginu“, umhverfisskólum á vegum Landverndar.

Stuðningur umhverfisráðuneytisins við verkefnið á árunum 2001-2003 nam 1,8 milljónum króna.

Stuðningur við gerð sjónvarpsþátta um umhverfismál fyrir börn og unglinga um 1 milljón króna í júlí 2000.

Umhverfisfræðsluráð var endurskipað í júní 2001 til þriggja ára.

**16. Staðið verði fyrir fræðsluráðstefnum um ýmis umhverfismál á kjörtímabilinu og gefin út heildstæð skýrsla um ástand umhverfismála á Íslandi.**

**Ráðuneytið hefur staðið fyrir eftirtöldum ráðstefnum á kjörtímabilinu:**

Ráðstefna um erfðabreyttar lífverur, mars 2000.

Ráðstefna um umhverfisvæn innkaup, september 2000.

Ráðstefna um bráðamengun, nóvember 2000.

Þrjár ráðstefnur umhverfisfræðsluráðs, september 1999, 2000 og 2003.

Ráðstefna um vistvæna byggingastarfsemi, nóvember 2002.

Ráðstefna um fráveitumál, mars 2003. Samtímis var gefin út skýrsla um stöðu og horfur í fráveitumálum sveitarfélaga.

**17. Fyrirtæki marki sér umhverfisstefnu til að draga úr sóun og auka verðmætasköpun.**

Lög um færslu græns bókhalds voru sett á árinu 2001 og munu þau fyrst um sinn ná til starfsleyfis skyldra fyrirtækja sem flest eru í efna- og matvælaíðnaði. Árið 2003 verður fyrsta árið sem umrædd fyrirtæki þurfa að skila grænu bókhaldi.

Á kjörtímabilinu hafa þrjár innlendar framleiðsluvörur og framleiðsla fengið Norræna umhverfismerkið - Svaninn. Þar er um að ræða prentsmiðju Guðjóns Ó., Hótel Eldhesta og iðnaðarhreinsiefnið Undra. Áður hafði íslenskt þvottaefni frá Frigg staðist kröfur Norræna umhverfismerkisins.

Ráðuneytið gerði samning í febrúar 2001 við Samtök atvinnulífsins og Iðntæknistofnun um umhverfisstjórnunarkerfi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á vefnum sem fyrirtækið Landmat hefur unnið.

Að frumkvæði ráðuneytisins undirrituðu Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök atvinnulífsins og tvö stórfyrirtæki, Alcan á Íslandi og Íslenska járnblendifélagið, yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um hreinni framleiðslutækni á umhverfisþingi 2001.

18. Með vaxandi umhverfisvitund fær umhverfisstjórnun sífellt meira vægi í rekstri fyrirtækja. Umhverfisstjórnun er leið fyrirtækja til þess að stýra og minnka úrgangsmýndun og miðar um leið að nýtingu sem stuðlar að hagkvæmari rekstri. Ráðuneytið mun í samstarfi við atvinnulífið og sveitarfélögin beita sér fyrir fræðsluáttaki á þessu sviði og hvetja fyrirtæki til að marka sér umhverfisstefnu.

Sjá lið 17.

19. Umhverfisstefnu í ríkisrekstri verði fylgt eftir, m.a. með útgáfu handbókar um umhverfisvæn innkaup á vegum hins opinbera og kynningarátaki samhliða því.

Ráðuneytið gaf út bækling um umhverfisvæn innkaup í september 2000. Einnig var efni bæklingins sett í netútgáfu. Haldin var ráðstefna um umhverfisvæn innkaup í september 2000.

20. Meðhöndlun úrgangs skal miða að eins mikilli endurnýtingu og endurnotkun og mögulegt er. Afgangnum skal fargað á þann veg að það skaði umhverfið sem minnst. Til að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og til að stuðla að endurnýtingu verði beitt hagrænum aðgerðum í ríkari mæli, s.s. umhverfis- og skilagjöldum.

Í upphafi kjörtímabilsins var settur á laggirnar starfshópur um endurnýtingu úrgangs, STENÚR, og var ráðinn sérstakur verkefnisstjóri í fullt starf til að vinna með starfshópnum að framgöngu þessa mikilvæga málaflokks. Á grundvelli þess starfs voru samþykkt lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald síðla árs 2002.

Lögin hafa það að markmiði að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna. Komið er á hagrænum hvötum sem auka munu endurnýtingu og endurvinnslu úr-

gangs, s.s. á bíflökum, hjólbörðum, umbúðum, pappafernum og heyrúlluplasti á næstu árum.

Á vorþingi 2003 voru samþykkt lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Um er að ræða fyrstu heildarlög um þennan málaflokk og þar er m.a. kveðið á um að vinna skuli lands og svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs sem hafa það að markmiði að draga markvisst úr úrgangi og auka endurnotkun og endurnýtingu úrgangs.

Ráðuneytið styrkti þróunarverkefni á vegum Sorpu um nýtingu svínaskíts og pappaurgangs til uppgræðslu sem stóð yfir á árunum 1999 til 2001 með 1,2 milljónum króna.

Veittur var hálftrar milljónar króna styrkur árið 2000 til rannsóknarverkefnis „Byggingarúrgangur á Íslandi, gagnagrunnur og umhverfismat“. Lokaskýrsla um verkefnið kom út í desember 2002.

- 21. Ráðuneytið mun beita sér fyrir sérstöku átaki í samvinnu við sveitarfélögin og atvinnulífið þar sem einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög verði hvött til aðgerða til að auka endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs. Þessu átaksverkefni er ætlað að vinna úr hugmyndum um bættu nýtingu úrgangsefna, ekki sist lífræns úrgangs.**

Sjá lið 20.

- 22. Unnið verði að því innan loftslagssamningsins að finna lausn á þeim sérstaka vanda sem Ísland stendur frammi fyrir innan Kyoto-bókunarinnar. Áfram verði leitað leiða til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og unnið verði að bindingu kolefnis í gróðri. Hafist verði handa við að móta stefnu um framkvæmd Kyoto-bókunarinnar hér á landi og stefnt verði að því að Ísland geti sýnt fram á sýnilegan árangur eigi síðar en árið 2005. Gert verði átak í upplýsingagjöf og fræðslu sem er einnig mikilvæg leið til að draga úr losun.**

Ísland náði samningsmarkmiðum sínum um loftslagsmálefni og Kyoto-bókunina í Marrakesh í nóvember 2001. Þar með var gildi endurnýjanlegra orku-gjafa okkar viðurkennt í loftslagssamningnum. Það er forsenda stækkunar álvæðisins í Straumsvík, á Grundartanga og nýrra stóriðjuáforma í Reyðarfirði.

Ráðuneytið gaf út skýrsluna „Veðurfarsbreytingar og afleiðingar þeirra“ í október 2000 en hún var tekin saman af vísindanefnd ráðuneytisins um loftslagsbreytingar.

Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Kyoto-bókunarinnar var staðfest í ríkisstjórn í mars 2002.

Ísland skilaði inn nýrri skýrslu um framkvæmd loftslagssamningsins í apríl 2003.

- 23. Endurheimt landgæða er eitt stærsta verkefni á sviði umhverfismála hér á landi. Á kjörtímabilinu verði unnið að landnýtingaráætlun fyrir landið allt. Í samvinnu við landbúnaðarráðuneytið, landeigendur og heimamenn verði gerð áætlun um frekari endurheimt votlendis, vernd náttúrulegra birkiskóga og annarra gróðursamfélaga sem ástæða þykir að varðveita.**

Umhverfisráðuneytið tók þátt í gerð Landgræðsluáætlunar 2003-2014 þar sem áherslur eru markaðar í stöðvun jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða. Fulltrúi ráðuneytisins situr í nefnd um endurheimt votlendis og Umhverfisstofnun vinnur fyrir ráðuneytið að Náttúruverndaráætlun eins og áður er getið.

- 24. Unnið verði að frekari nýtingu umhverfisvænna orkugjafa, s.s. vetnis og metanóls, og stutt við verkefni sem miða að aukinni notkun slíkra orkugjafa á Íslandi. Í samvinnu við fjármálaráðuneytið verði hvatt til innflutnings umhverfisvænna farartækja, s.s. rafbíla eða tvíorkubíla, þar sem aðflutningsgjöld verði endurmetin með tilliti til markmiða í umhverfismálum.**

Í Velferð til framtíðar sem er stefnumörkun ríkisstjórnarinnar til 2020 segir að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun þjóðarinnar verði aukið og að því stefnt að notkun jarðefnaeldsneytis verði óveruleg innan fárra áratuga. Stefnt verði að því að faratæki nýti orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum eins fljótt og kostur er og hagkvæmt þykir.

Breytingar voru gerðar á lögum nr. 29/1993 árið 2000 þar sem aðflutningsgjöld eru lækkuð eða felld niður af fleiri gerðum vistorkubreiða



**25. Mörkuð verði stefna um umhverfisvænar samgöngur, sérstaklega í þéttbýli, í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög.**

Starfshópur var skipaður í október 2001 til að gera tillögur um aðgerðir sem dregið geti úr rykmengun vegna umferðar í samráði við Reykjavíkurborg og samgönguráðuneyti. Starfshópurinn hefur ekki lokið störfum. Í stefnu ríkisstjórnarinnar Velferð til framtíðar segir í markmiðum að dregið verði úr loftmengun á höfuðborgarsvæðinu þannig að hún verði umtalsvert lægri innan nokkurra ára en hún er nú.

**26. Matvælaeftirlitið verði endurskoðað með það að markmiði að einfalda stjórnsýslu og gera eftirlitið skilvirkara. Forðast á skörun og tvíverknad.**

Settar voru skýrari reglur með breytingum á matvælalögum í maí 2000 í kjölfar aukinnar tíðni kamfýlóbactersýkinga. Kveðið er á um aukna þekkingu og menntun starfsfólks við framleiðslu, meðferð og dreifingu matvæla.

Umhverfissráðherra beitti sér fyrir því í ríkisstjórn að kanna þyrfti samþættingu og samstjórn matvælaeftirlits í landinu en það heyrir undir landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti auk umhverfissráðuneytis. Frumvarp sem einfaldar og bætir matvælaeftirlit með því að fella það undir eitt ráðuneyti var kynnt á Alþingi í byrjun árs 2003.

**27. Ráðuneytið mun beita sér fyrir umræðu um erfðabreytt matvæli þar sem fjallað verði um neytendavernd og hugsanleg áhrif erfðatækni á náttúruna. Afstaða verði tekin til reglna um tilkynningarskyldu og merkingar erfðabreyttra matvæla.**

Ráðuneytið stóð fyrir ráðstefnu um erfðabreytt matvæli í mars 2000.

Nefnd á vegum umhverfissráðuneytisins hefur fengið það hlutverk að koma með tillögur um hvernig lögtaka megji reglur ESB um nýfæði, þ.á.m. erfðabreytt matvæli.

**28. Tryggja skal framboð á neysluvatni í háum gæðaflokki þar sem langtímahagsmunir verði hafðir að leiðarljósi. Unnið verði lagafrumvarp sem taki til verndunar neysluvatns. Neysluvatn verði skilgreint sem auðlind og við skipulag nýtingar hennar verði langtímahagsmunir hafðir í huga.**

Unnið er að undirbúningi frumvarps til laga um stjórn vatnsverndar í samvinnu við iðnaðarráðuneytið.

Gefnar hafa verið út reglugerðir nr. 536/2001 um neysluvatn, nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Unnið er að innleiðingu tilskipunar ESB (2000/60/EC) um vatn og vatnabúskap.

- 29. Rannsóknir verði eflidar á stofnstærð og vistfræði þeirra fugla- og dýrategunda sem veiðar eru heimilaðar á. Sérstaklega verði lögð áhersla á aukna þekkingu á stofnvistfræði rjúpu og hagnýtar hreindýrarrannsóknir. Lögð verði áhersla á að finna nýjar veiðiaðferðir til að stemma stigu við útbreiðslu minks í náttúrunni. Skýrari reglur verði settar um úthlutun úr veiðikortasjóði. Í samvinnu við skotveiðimenn verði leitað leiða til að koma í veg fyrir að notuð byssuskot séu skilin eftir á víðavangi. Könnuð verða áhrif blýs vegna skotveiða á náttúru landsins.**

Sérstök rannsókn var gerð vetrarafföllum rjúpu sem fór af stað í september 1999. Náttúrufræðistofnun Íslands tók saman upplýsingar um ástand og stöðu rjúpnastofnsins í ágúst 2002.

Nefnd var skipuð í ágúst 2001 um veiðiálag á einstaka fuglastofna. Hún fjallar um aðgerðir sem grípa megi til vegna vaxandi veiðiálags á rjúpu og gæs.

Gripið var til margháttaðra aðgerða á kjörtímabilinu til að takmarka veiðiálag á rjúpnastofninn. Lögum var breytt til að takmarka veiðar og var veiðitími stytur og friðað var svæði fyrir rjúpu á Suðvestur-horni landsins.

Ráðuneytið tók þátt í átakinu „Láttu ekki þitt eftir liggja“ - hirðing byssuskota með SKOTVÍS, félagi skotveiðimanna, og Olís

Unnið hefur verið að því að stemma stigu við útbreiðslu minks með aukinni áherslu á gildruveiði og gerðar hafa verið tilraunir til þess að vinna greni með notkun þrýstilofts.

- 30. Fyrirkomulagi hreindýraveiða verði breytt og hlutverk hreindýraráðs í ráðstöfun veiðileyfa aukið.**

Ákvæðum laga um hreindýraveiðar var breytt þannig að ábyrgð og stjórnun veiða er nú á höndum Umhverfisstofnunar, hagnýtar rannsóknir og vöktun í umsjá Náttúrustofu Austurlands og ráðgjöf og tillögugerð í höndum hreindýraráðs.

Komið var á fót kerfi leiðsögumanna með hreindýraveiðum og það skilið frá eftirlitinu.

- 31. Tryggður verði stuðningur ríkisins við gerð aðalskipulagsáætlana sveitarfélaga svo að ná megi því markmiði að öll sveitarfélög staðfesti skipulagsáætlanir fyrir árið 2008. Lagðar verði til breytingar á skipulags- og byggingarlögum til þess að tryggja og einfalda framkvæmd skipulags- og byggingarmála í landinu á öllum stigum.**

Árlegur stuðningur á fjárlögum við gerð aðalskipulagsáætlana sveitarfélaga hefur rúmlega tvöfaldast frá árinu 1999.

Heildarendurskoðun á skipulags- og byggingarlögum stendur yfir.

- 32. Lagt verði fram frumvarp til nýrra laga um mat á umhverfisáhrifum og lög- in samræmd tilskipun Evrópusambandsins nr. 97/11/EB. Lögin nái yfir ís- lenska efnahagslögsögu en ekki einungis landið sjálft. Matsferlið verði einfaldað og leitast við að gera það markvissara.**

Lög um mat á umhverfisáhrifum voru endurskoðuð og ný lög samþykkt á Alþingi árið 2000 en vegna óska frá Alþingi hefur verið unnið að endur- skoðun þeirra laga á kjörtímabilinu.

- 33. Lagt verði fram frumvarp til nýrra laga um brunamál þar sem tekið verði á stjórnkerfi brunamála og hlutverk ríkis og sveitarfélaga skýrt betur en í gildandi lögum. Auk þess verði lögfest ábyrgð slökkviliða til þess að takast á við bráðamengun á landi og stjórn á hreinsunaraðgerðum.**

Með lögum nr. 75/2000 voru brunavarnir endurskoðaðar frá grunni og framkvæmd brunamála endurskipulögð. Mikil breyting hefur orðið á fram- kvæmd brunavarna í kjölfar nýrra laga. Þar er hlutverk ríkis og sveitarfé- laga betur skýrt en fyrr og ábyrgð slökkviliða lögfest um að þau skuli takast á við bráðamengun á landi og stjórn á hreinsunaraðgerðum.

- 34. Lokið verði við gerð stafrænna korta í mælikvarðanum 1: 50.000 á kjör-tímabilinu og aukin áhersla lögð á landmælingar. Stuðlað verði að þróun og aukinni notkun landupplýsingakerfa.**

Landmælingar Íslands hafa unnið að gerð stafræns kortagrunns 1:50.000 og mun fyrsta útgáfa hans verða tilbúin í árslok 2003.

Opnaður var lýsigagnavefur Landlýsing árið 2000 á vegum Landmælinga Íslands og LÍSA. Skipuð var nefnd um þróun landupplýsinga í apríl 2001.

- 35. Lögð verði áhersla á vöktun á sviði veðurs, snjóflóða, jarðskjálfta, eld-gosa, sjávarflóða eða annarrar náttúruvár þar sem upplýsingum og við-vörnum um aðsteðjandi hættu verði komið til almennings á aðgengileg-  
an hátt. Brynt er að samræma veðurþjónustu og upplýsingagjöf sem í dag er veitt af nokkrum ríkisstofnunum. Rannsóknir á eðli og orsökum nátt-  
úruhamfara verði efldar með það að markmiði að draga úr tjóni af þeirra  
völdum.**

Á vegum ráðuneytisins starfaði starfshópur skipaður fulltrúa þess, sam-gönguráðuneytisins og stofnana þessara ráðuneyta sem tengjast veður-  
þjónustu á einn eða annan hátt. Starfshópurinn lagði fram tillögur um samræmda veðurþjónustu undir stjórn Veðurstofu Íslands og að sett yrðu lög um veðurþjónustu og hlutverk ríkisins á þeim vettvangi. Unnið er að framvindu málsins í ráðuneytinu. Verulegir fjármunir hafa auk þess verið veittir sérstaklega til vöktunar á Mýrdalsjökli.

Verkefnið Bráðaviðvaranir við jarðvá er samstarfsverkefni sem Veðurstof-an leiðir.

- 36. Rannsóknir á náttúruferli landsins verði efldar og unnið verði að þróun samræmds gagnagrunns um náttúru Íslands þar sem mælingar og rann-sóknir á náttúruferli og vöktun verði gerð aðgengileg.**

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur unnið að öflun ítarlegri upplýsinga um náttúru landsins, skráningu náttúruferlaupplýsinga, gagnagrunna og skipt-ingu hálendisins í vistgerðir.

- 37. Áfram verði lögð áhersla á vöktun á styrk mengunarefna í lofti, á landi og**

**í hafinu umhverfis landið þar sem sérstaklega verði litið til þrávirkra og geislavirkra efna.**

Skýrsla AMSUM-nefndarinnar var kynnt í júní 1999 um viðamiklar vöktunarmælingar á mengandi efnum á Íslandi og hafinu kringum landið m.a. á þrávirkum og geislavirkum efnum.

Loftgæðamælingar hafa verið efldar í höfuðborginni með stuðningi ráðuneytisins og miðlun þeirra til almennings á vefnum bætt.

Sett hefur verið upp rykmælistöð á Mývatni og ákveðið hefur verið að auka frekar vöktun loftgæða í dreifbýli og þegar hafa fjármunir verið veittir til að setja upp þrjár ósonmælistöðvar í dreifbýli.

Samþykkt var að styrkja Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna UNEP með tveimur milljónum króna til að halda vinnufund á Íslandi til undirbúnings alþjóðlegrar úttektar á ástandi hafsins m.t.t. mengunar og annarrar röskunar af manna völdum.

**38. Fjarkönnun, sem fólgin er í töku loftmynda úr flugvélum og gervitunglum, verði efld og komið í fastar skorður með það að leiðarljósi að skapa sem bestan grundvöll til umhverfisvöktunar.**

Átak hefur verið gert í því að samræma og efla notkun fjarkönnunar í hagnytum tilgangi og Landmælingum Íslands falið það verkefni.

Samningur var gerður milli ráðuneytisins og Háskóla Íslands um fjarkönnun með því augnarmiði að notkun fjarkönnunargagna nýtist brýnum verkefnum á sviði umhverfisvöktunar og náttúrurannsókna.

Breytingar voru gerðar árið 2000 á lögum nr. 95/1997 um landmælingar og kortagerð þar sem kveðið er á um hlutverk Landmælinga Íslands á sviði fjarkönnunar.

**39. Áfram verði unnið í markvissu samstarfi um umhverfismál við önnur ríki, s.s við norrænu ríkin og ríki ESB.**

CITES-samningurinn um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og

plantna í útrýmingarhættu var fullgiltur í maí 2000 með lögum nr. 85/2000.

Áætlun um sjálfbær Norðurlönd með þátttöku Íslands var lögð fram í nóvember 2000 og samþykkt í apríl 2001. Í kjölfarið var lögð fram norræn framkvæmdaáætlun á sviði umhverfismála 2001-2004 (sjá einnig lið 10).

Unnið hefur verið umfangsmikið starf í lögleiðingu ESB gerða, t.d. á sviði úrgangsmála, matvælamála og efna- og efnavara.

- 40. Áfram verði unnið að verndun hafsins þar sem við höldum forystu hlutverki okkar á alþjóðavettvangi. Ísland vinni áfram ötullega að undirbúningi bindandi alþjóðasamnings um þrávirk lífræn mengunarefni. Samhliða því verði lögð áhersla á aðgerðir til að draga úr losun þrávirkra lífrænna efna út í umhverfið hér á landi.**

Árið 2001 var undirritaður alþjóðlegur samningur, en Ísland átti stóran þátt í gerð hans, um bann við notkun og losun lífrænna þrávirkra efna í umhverfið. Ísland fullgilti samninginn í maí 2002.

Ísland hefur beitt sér af krafti fyrir því að meiri áhersla verði lögð á mat á mengun hafsins á alþjóðavettvangi (sjá einnig lið 37).

Á leiðtogafundinum um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg 2002 var samþykkt að frumkvæði Íslands að koma á fót nýju fyrirkomulagi innan Sameinuðu þjóðanna til að leggja reglulega mat á mengun hafsins. Ríkisstjórnin samþykkti í upphafi þessa árs að fram fari heildarstefnumörkun í mál-efnum hafsins.

Framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar frá landi var samþykkt í nóvember 2001 og kynnt á ráðstefnu hjá Sameinuðu þjóðunum. Skipuð hefur verið framkvæmdanefnd til að fylgja eftir framkvæmdaáætluninni. Unnið hefur verið markvisst að því að efla söfnun spilliefna þ.m.t. þrávirkra lífrænna efna og draga þannig úr hættu á mengun sjávar hér við land.

Flak El-Grillo á botni Seyðisfjarðar var hreinsað af olíu árið 2001. Verkefnið er stærsta forvarnaaðgerð á umhverfissviði sem fram hefur farið hér á landi. Mótmælt var flutningi kjarnorkuúrgangs sjóleiðina til Rússlands á fundi norrænna umhverfisráðherra í ágúst 2001.

- 41. Þátttaka Íslands í starfi Norðurskautsráðsins verði eflid enn frekar með því að standa vörð um starfsemi skrifstofa CAFF og PAME á Akureyri. Ísland beiti sér fyrir því innan ráðsins að auka samstarf á sviði sjálfbærrar þróunar á norðurskautssvæðinu.**

Samþykkt var norræn framkvæmdaáætlun um vernd náttúru- og menningarminja á norðurslóðum í ágúst 1999. CAFF gaf út viðamikla skýrslu um líffræðilegan fjölbreytileika á norðurslóðum sem er mikilvæg fyrir vernd flóru og fánu.

Ráðherrafundur Norðurskautsráðsins (Barrow) samþykkti í október 2000 stefnumótun um sjálfbæra þróun. Sjálfbær þróun er áhersluatriði í formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu 2002-2004 og verður þá m.a. unnin viðamikil skýrsla um mannvist á Norðurslóðum undir forystu Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

- 42. Fylgst verði með því að ákvörðunum breskra stjórnvalda um lokun endurvinnslustöðvarinnar í Dounreay verði framfylgt. Þrýst verði á bresk stjórnvöld um að dregið verði úr losun geislavirkra efna frá endurvinnslustöðinni í Sellafield og lögð áhersla á norræna samstöðu um málið.**

Umhverfisráðherra heimsótti Sellafield stöðina til að þrýsta á að hætt yrði losun á teknetíni (TC-99) í sjó. Umhverfisráðherra hefur tekið málefni stöðvarinnar ítrekað upp við umhverfisráðherra Breta.

Ísland hefur beitt sér fyrir sameiginlegum aðgerðum norrænu umhverfisráðherranna til þess að beita bresk stjórnvöld þrýstingi til að draga enn frekar úr losun geislavirkra efna frá Sellafield kjarnorkuendurvinnslustöðinni. Þessi þrýstingur hefur haft áhrif á ákvarðanir breskra stjórnvalda um auknar mengunarvarnir við endurvinnslu á kjarnorkuúrgangi í Sellafield.

- 43. Umhverfisráðuneytið hefur samþykkt umhverfisstefnu á grundvelli umhverfisstefnu í ríkisrekstri sem nær m.a. til innkaupa ráðuneytisins, pappírsnotkunar, samgangna og endurnýtingar úrgangs. Stefnan verði í stöðugri endurskoðun á kjörtímabilinu þar sem m.a. skuli reynt eftir föngum að þróa mælanleg viðmið um árangur hennar. Samráð verði haft við stofnanir ráðuneytisins um þróun og framkvæmd umhverfisstefnu.**

Endurskoðuð umhverfisstefna ráðuneytisins var samþykkt í október 1999 og hefur stefnunni verið fylgt eftir.

**44. Í ráðuneytinu er starfað eftir sérstakri jafnréttisáætlun. Eitt helsta markmið jafnréttisstefnu verði að auka hlut kvenna í nefndum og stjórnnum á vegum ráðuneytisins á næstu árum.**

Jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúi starfa í ráðuneytinu Jafnréttisáætlunaráðuneytisins var endurskoðuð 2002 og haldnir hafa verið umræðu- og fræðslufundir um jafnréttismál fyrir starfsfólk ráðuneytisins. Yfirstjórn ráðuneytisins og flestir forstjórar stofnana ráðuneytisins hafa sótt námskeið um samþættingu kynjasjónarmiða við stefnumótun og ákvarðanatöku.

Málgreinin „Með vísan til 20. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000 og jafnréttisáætlunar umhverfiráðuneytisins er óskað eftir því að þér tilnefnið bæði karl og konu sem mögulegan fulltrúa yðar þannig að ráðuneytið hafi möguleika á að skipa nefndina til samræmis við markmið umræddra laga“ er sett í öll bréf þar sem óskað er tilnefninga í nefndir á vegum ráðuneytisins. Árangur af þessum aðgerðum er sá að hlutfall kvenna í nefndum á vegum ráðuneytisins jókst úr 15% í upphafi kjörtímabils í 27% í lok þess.

Umhverfisráðherra skipaði fyrstu konuna í stöðu skrifstofustjóra í ráðuneytinu frá upphafi.

Árið 2001 setti ráðuneytið sér sérstaka fjölskyldustefnu þar sem er m.a. tekið fram að starfsmönnum ráðuneytisins er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma.

**45. Ráðuneytið mun skoða framkvæmd verkefnaáætlunar þessarar í lok kjörtímabilsins og meta hvernig til hefur tekist um framkvæmd einstakra liða.**

Það hefur verið gert eins og fram kemur í þessari samantekt.



